

Sæl öll,

Námskeiðið verður haldið dagana 28.–29 ágúst. Við ætlum að reyna að hafa þetta á gamla verðinu 30–35 þúsund. Martine ætlar að kenna frítt en verður að fá fyrir flugi, fæði og uppihaldi fyrir sig og manninn sinn, ásamt leigu á ráðstefnusal.

Ef þið hafið áhuga endilega skráið ykkur sem fyrst, sendið okkur nótu, en staðfestingargjöld verða ekki innheimt fyrr en við vitum hvort af þessu getur orðið.

endilega látið alla vita sem kunna að hafa áhuga.

Bestu kveðjur Halla casagretto@athygli.is og Guðbjörg omgh@isl.is

Dr. Martine Faure – Alderson, D.O., Martine stundaði framhaldsnám í Argentínu, bæði í hómopatíu og lækisfræði, og útskrifaðist með doktorsgráðu í þessum fræðum.



Hún er menntaður osteopati, hómopati, nálstungufræðingur, grasalæknir, höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferðaraðili og svæða- og viðbragðsfræðingur. Hún segir sjálf að hún hafi eytt 40 árum í að læra og samþætta þessi fræði, og ætli að eyða næstu 40 árum í að kenna þau.

Martine hefur stundað rannsóknir við Marie Curie stofnunina í Frakklandi í meira en áratug á áhrifum svæðameðferðar á krabbameinssjúklinga, hvaða aðferðir henti best sem viðbótarmeðferð og hvaða aðferð gagnist í fyrirbyggjandi tilgangi.

Hún blandaði ýmsum aðferðum saman og þróaði heildrænt meðferðarform, sem í dag er kallað Cranio Sacral Reflexology, eða höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð með svæðameðferð.

Hún fékk viðurkenningu á heimspingi svæðameðferðaraðila í Ástralíu 2007 fyrir þessa þróunarvinnu.

Hún stofnaði skóla í París 1974 og annan í London, “Association Reflex Theraby Total Faure –Alderson, þar sem hún hefur kennt framhaldsnám í svæðameðferð.

Undanfarin ár hefur hún kennt og haldið fyrirlestra í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálandi og hinum ýmsum löndum í Evrópu. Árið 1990 stofnaði hún styrktarsjóð til að hlúa að munaðarlausum börnum í Rúmeníu, í samstarfi við stjórnvöld þar, og nefnist hann FARA – Faure –Alderson Romanian Appel.

Martine nýtur mikillar virðingar víða um heim fyrir störf sín og er eftirsóttur fyrirlesari og kennari.